



Stjórn SSH 524. fundur

Mánudaginn 3. maí 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Starfshópur, sem skipaður var á 519. fundi stjórnar SSH hinn 1. febrúar 2021, hefur nú lokið störfum og minnisblað með tillögum hans var lagt fram til kynningar á 523. fundi stjórnar SSH. Áframhald umræðu frá þeim fundi.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögu starfshópsins um að stefnuráði verði komið á fót skv. þeim tillögum sem fram koma í minnisblaði starfshópsins frá 8. apríl 2021. Til viðbótar þeim tillögum sem þar liggja fyrir er lagt til að mat fari fram á fyrirkomulagi og árangri þess að tveimur árum liðnum. Lagt er til að formennska í ráðinu verði á höndum formanns stjórnar SSH og borgarstjóra. Þá skuli framkvæmdastjóri SSH starfa með ráðinu. Haldinn verði kynningar- og umræðufundur fyrir kjörna fulltrúa um tillögur starfshópsins og næstu skref föstudaginn 7. maí nk. Þá er skrifstofu SSH falið að hefja undirbúning að erindisbréfi ráðsins, breytingum á stofnsamningum byggðasamlaganna og öðrum þeim þáttum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna framgangs málsins. Þau gögn verði kynnt stjórn SSH, rafrænt eða á fundi stjórnar, og í kjölfarið send hlutaðeigandi sveitarfélögum til umræðu og afgreiðslu ásamt beiðni um tilnefningu í stefnuráðið.

2. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Gestur fundarins undir þessu lið er Birgir Björn Sigurjónsson. Lagt fram minnisblað um næstu skref málsins.

Niðurstaða fundar:

Aðildarsveitarfélögin, eftir því sem við á, gera ekki athugasemdir við lista um skilavegi skv. upptalningu á bls. 1 í minnisblaði, enda sé þeim skilað í viðunandi ástandi á grundvelli úttektarskýrslu Eflu og sveitarfélögum tryggðir tekjustofnar eða framlög frá ríkinu til að standa straum af framtíðarrekstrarkostnaði. Einungis þannig er raunhæft að ætlast til að sveitarfélögin taki við skilavegunum. Þessi afstaða stjórnar SSH grundvallast á 129. gr. sveitarstjórnarlaga og



ákvæðum laga um opinber fjármál. Þá þurfi að koma til uppgjör og samningar til þeirra sveitarfélaga er hafa farið í framkvæmdir á vegum ríkisins sem teljast til skilavega.

3. Gönguskíði – uppbygging aðstöðu / málsnr. 2104007

Á 521. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað undir máli 1501005/ málefni skíðasvæðanna – framkvæmdir á skíðasvæðunum:

Fyrirliggjandi eru bókanir frá bæjarráðum Kópavogs og Seltjarnarness, þar sem er hvatt til þess að farið verði í hraða uppbyggingu til bætingar aðstöðu fyrir gönguskíðafólk á skíðasvæðunum. Einnig er fyrirliggjandi fyrirspurn Theódóru S. Þorsteinsdóttur, bæjarfulltrúa í Kópavogi varðandi það hver þáttur skíðagöngu sé í uppbyggingu á skíðasvæðunum. Lagt er til að ofangreindu verði vísað til umræðu í samráðshópi skíðasvæðanna og tekið fyrir á ný í stjórn SSH að því loknu.

Niðurstaða fundar:

Ofangreindu er vísað til umsagnar samstarfsnefndar skíðasvæðanna ásamt beiðni um að jafnframt verði kannaðir möguleikar á að byggja upp aðstöðu til gönguskíðaiðkunar víðar á höfuðborgarsvæðinu en á Bláfjallasvæðinu.

Fyrirliggjandi er umsögn samstarfsnefndar skíðasvæðanna, frá 392. fundi hennar dags. 21. apríl 2021. Bókun fundarins er svohljóðandi:

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna telur brýnt að bæta úr aðstöðu fyrir skíðagöngufólk og hraða uppbyggingu slíkrar aðstöðu.

Fyrir liggja hugmyndir um staðsetningu á salernisaðstöðu sem myndi nýtast bæði skíðagöngufólki, iðkendum og öðrum gestum á suðursvæði Bláfjalla.

Nefndin mælir með því að slíkri aðstöðu verði komið upp hið fyrsta.

Þá samþykkir nefndin að skipa vinnuhópa til að skoða aðstöðumál fyrir skíðagöngufólk og til að skoða öll skálamál í Bláfjöllum.

Þá liggur fyrir minnisblað framkvæmdastjóra Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 20. apríl 2021 sem lagt var fyrir 392. fund samstarfsnefndar skíðasvæðanna um áætlaðan kostnað vegna salernisaðstöðu á suðursvæðinu, rétt við nýjan Ullarskála, en áætlaður kostnaður er 41,1 milljón kr. með vsk., og áætlaður framkvæmdatími þrjú mánuðir frá því að samningar nást við birgja.

Lagt er til að ofangreindu sé vísað til verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og honum falið að skoða hvort og með hvaða hætti unnt er að fara í þessar framkvæmdir innan þeirrar fjárhagsáætlunar sem þegar liggur fyrir vegna framkvæmda á skíðasvæðunum.

Niðurstaða fundar:

Ofangreindu er vísað til verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sem er falið að skoða hvort og með hvaða hætti unnt er að fara í þessar framkvæmdir innan þeirrar fjárhagsáætlunar sem þegar liggur fyrir vegna framkvæmda á skíðasvæðunum. Að fenginni þeirri skoðun taki stjórn SSH málið aftur til umræðu.



4. Samstarfssamningur um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins / málsnr. 2104008

Fyrirliggjandi er minnisblað um gerð nýs samstarfssamnings, en núgildandi samningur rennur út í lok árs 2021. Gerð er tillaga um að vinna við gerð nýs samnings á vegum verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, með samvinnu við samstarfsnefnd skíðasvæðanna, fari fram í tengslum við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir árið 2022.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að fela verkefnahópi vegna uppbyggingar og rekstrar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins að vinna drög að nýjum samstarfssamningi um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við samstarfsnefnd skíðasvæðanna.

5. Grænbók um byggðamál / málsnr. 2101005

Fyrirliggjandi eru hvítbókardrög vegna endurskoðunar byggðaaætlunar, en gert er ráð fyrir að hvítbókin fari í samráðsgátt í fyrstu viku maímánaðar og að þingsályktunartillaga verði lögð fram fyrir þinglok. Umræða um þau drög sem liggja fyrir.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að koma sjónarmiðum stjórnar SSH á framfæri m.a í tengslum við umsögn stjórnar við grænbókardrög sem send voru ráðuneytinu.

6. Málefni Fjölsmiðjunnar / málsnr. 1501007

Lagður er fram til kynningar ársreikningur Fjölsmiðjunnar 2020, ásamt kynningarglærum um fjárhag og starfsemina, auk beiðnar um samtal um langtímafjármögnun Fjölsmiðjunnar. Umræða um fjármögnun Fjölsmiðjunnar.

Niðurstaða fundar:

Frekari umræða um langtímafjármögnun Fjölsmiðjunnar verður til dagskrár á næsta reglulega fundi stjórnar en þá verði búið að kynna starfsemi og fjármögnun Fjölsmiðjunnar betur fyrir sveitarfélögunum.

7. Höfuðborgarkort – tillaga frá aðalfundi SSH 2020 / málsnr. 2011008

Á aðalfundi SSH 2020 var lögð fram tillaga um að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leituðu leiða til að íbúar gætu, þvert á sveitarfélögin, nýtt aðgangskort sín í sundlaugar, menningarhús og bókasöfn. Tillagan var tekin fyrir á 516. fundi stjórnar SSH og vísað til umræðu samhliða vinnu um átaksverkefni sóknaráætlunar. Tillagan kom of seint fram til að hægt væri að vinna hana áfram



samhliða átaksverkefnum sóknaráætlunar árið 2021 og er gerð tillaga um að henni verði vísað til umfjöllunar á vettvangi sveitarfélaganna.

Niðurstaða fundar:

Ofangreindu er vísað til umræðu á vettvangi sveitarfélaganna.

8. Greiðslur vegna vinnu í starfshópum / málsnr. 2102009

Framhald umræðu frá fyrri fundum en umræðu um þennan lið var frestað á 521. fundi stjórnar SSH. Fyrirliggjandi er yfirlit um launagreiðslur vegna fundarsetu hjá einstökum sveitarfélögum. Gerð er tillaga um að greiðslur vegna setu í starfshópi um stjórnsýslu byggðasamlaga verði 14.000 kr. pr. fund, en alls fundaði hópurinn fimm sinnum.

Niðurstaða fundar:

Á grundvelli þess að um umfangsmikla vinnu var að ræða samþykkir stjórn tillögu um að greiða þóknun vegna skipunar í starfshóp um stjórnsýslu byggðasamlaga, sem nemi þá 14.000 kr. vegna hvers fundar. Mun skrifstofa SSH hafa milligöngu um frágang og afgreiðslu þessa.

9. Erindi Áhugafólks um samgöngur fyrir alla / málsnr. 2104003

Fyrirliggjandi er erindi ÁS, Áhugafólks um samgöngur fyrir alla, um BRT-Lite hraðvagnakerfi. Gerð er tillaga um að erindinu verði vísað til Betri samgangna ohf. og þeirrar umfjöllunar sem þar fer fram.

Niðurstaða fundar:

Erindi Áhugafólks um samgöngur fyrir alla um BRT-lite hraðvagnakerfi er vísað til Betri samgangna ohf.

10. Móttaka jarðefna við Bolaöldu / málsnr. 2103005

Fyrirliggjandi er minnisblað frá skrifstofustjóra skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg, dags. 23. mars 2021, þar sem fjallað er um móttöku á jarðefnum frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, og samning við Bolaöldur ehf. vegna hennar. Kemur þar fram að mikilvægt sé að finna skammtímalausn vegna móttöku á jarðefnum og eins varanlega lausn til lengri tíma þar sem horft sé til hringrásarhagkerfisins og endurnotkunar jarðefna.

Niðurstaða fundar:

Ofangreindu er vísað til til nánari skoðunar framkvæmdastóra SSH í samráði við Sorpu bs. og verður tekið til dagskrár að nýju á næsta reglulega fundi stjórnar hinn 7. júní 2021.



11. Stýrihópur um loftgæði / málsnr. 2102008

Borist hefur tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafi farið fram á endurtilnefningu í stýrihóp um loftgæði en Hrafnkell Á. Proppé átti sæti í hópnum. Gerð er tillaga um að Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri, verði tilnefndur af hálfu SSH.

Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH tilnefnir Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins sem fulltrúa SSH í stýrihóp um loftgæði.

12. Starfshópur um endurskoðun á lögum 38/2018

Skipaður hefur verið starfshópur um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og fyrirbyggjandi er beiðni um kynningu á störfum hópsins. Gert er ráð fyrir að slík kynning fari fram á næsta reglulega fundi stjórnar hinn 7. júní 2021.

Niðurstaða fundar:

Gert er ráð fyrir því að kynning fari fram á næsta reglulega fundi stjórnar hinn 7. júní 2021.

13. Fundargerð Samstarfsnefndar skíðasvæðanna

Lagt fram til kynningar:

Fundargerð 391. fundar samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 17. mars 2021.

Rekstraryfirlit skíðasvæðanna vegna ársins 2020.

Minnisblað Magnúsar Árnasonar, dags. 15. mars 2021, um stöðuna í fjöllum og áhrif Covid-19.

Minnisblað Magnúsar Árnasonar, dags. 20. apríl 2021, um stöðuna í fjöllum og áhrif Covid-19.

14. Fundargerð byggðamálaráðs

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 15. fundar byggðamálaráðs, 4. febrúar 2021.

15. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:20